

félagsins Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra, úr aðal- 1874.
fæhirzlu ríkisins. Því skal við bætt, að félagið má búast við að 28. febrúar.
fá enn fremur styrk til þessa fyrir yfirstandandi ár, sem samsvari
tímanum til 31. júlí, að því leyti, sem tekið verður jafnmikið í
tíðindin og áður.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 28. febrúar.
yfir Íslandi, um yfirgang útlendra.

Með bréfi 31. oktbr. f. á. hafð þér, herra landshöfðingi, sent
hingað útskrift af dómabók Suðurmúlasýslu, um próf nokkurt
viðvíkjandi því, að brotið hafði verið gegn tilskipun 12. febrúar
1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl.; útaf þessu hefir
dómsmálastjórnin skrifað utanríkisstjórninni og mælt til, að
hún hlutaðist til um, að kærur þessar yrði bornar upp fyrir ensku
stjórninni, og jafnframt farið fram á við sjóliðsstjórnina, að danska
herskipið við Ísland mætti taka stöðvar við Austfirði svo sem 2
eða 3 vikur í ágústm. og septbrm., áður enn það sigldi burt frá
Íslandi, og höfum vèr nú fengið svar sjóliðsstjórnarinnar í bréfi,
sem vèr nú sendum yður eptirrit af.¹

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leið-
beiningar og til þess þér birtið það.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 28. febrúar.
yfir Íslandi, um styrk til þess að gefa út stjórnarbréf.

Með bréfi, dagsettu 9. oktbrm. f. á., hafð þér, herra lands-

¹) Sjá neðanmálgreinina við 11. bréfið hér að framan.

1874.
28. febrúar. höfðingi sent hingað bænarskrá, þar sem útgefendur blaðsins Vikverja, sem kemur út í Reykjavík, hafa sókt um, að þeim gefist kostur á að gefa út á prenti stjórnarskjöl þau, er til þessa hafa verið tekin í »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands«, sem Deild hins íslenska bókmentafelags í Kaupmannahöfn hefir gefið út, og að þeim verði veittur 150 rd. styrkur til þessa, eða 20 rd. fyrir hverja prentaða örk; hafið þér mælt fram með, að það verði veitt, sem sókt er um, með þeim skilmálum, er þér takið nákvæmar til.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, ef svo ber undir, að með því stjórnarráðið hefir í hyggju, að fá því til leiðar komið, að út gefin verði stjórnartíðindi fyrir Ísland, með því skipulagi, sem yður nákvæmar mun verða skýrt frá, frá þeim tíma, er stjórnarskipunin um hin sèrstaklegu málefni Íslands öðlast gildi og stjórnarráð fyrir Ísland tekur til starfa sinna, sem verður 1. ágústm. þ. á., hefir það eigi þókt geta veitt það, sem sókt er um, en verður að láta það koma undir yðar vald, að auglýsa til þess tíma á þann hátt, sem hagfelldastur þykir, úrskurði þá, sem þér gefið út, og önnur umboðsleg stjórnarboð og yfirvalds-ráðstafanir, sem varðar almenning, á þann hátt, að kostnaðurinn við það greiðist af því fé, sem ætlað er til óvissra útgjalda, og sem yður eru fengin umráðin yfir.

27. marz. **26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um tilsjón með fiskiveiðum útlendra við Ísland.**

Sjóliðsstjórnin hefir í bræfi 20. þ. m. skýrt frá, að skonnortuskipið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja, undir stjórn P. H. Braëms kapteins, í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.